9. Páll Sveinsson
Ævi og störf

Jónas Jónsson

Starfssaga Páls Sveinssonar landgræðslustjóra, sem Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri rekur hér, er ekki löng en öll er hún tengd baráttunni gegn eyðingu gróðurs og jarðvegs á þessu landi. Að því miðaði hann allt nám sitt og undirbúning undir lífsstarfið.

Á því áttatíu ára skeiði sem nú er minnst og baráttan hefur verið háð undir merkjum Sandgræðslunnar og síðar Landgræðslu ríkisins hafa fjórir herforingjar farið fyrir liðinu. Gunnlaugur Kristmundsson frá upphafi varnarstríðsins 1907 til ársins 1946, Runólfur Sveinsson, eldri bróðir Páls, frá 1947 til 1954 er hann lést sviplega af slysförum, — í hans tíð voru beinar sóknaraðgerðir hafnar, — Páll Sveinsson frá 1954 til 1972 og síðan Sveinn Runólfsson núverandi landgræðslustjóri sem hefur stýrt liðinu síðan Páll föðurbróðir hans féll frá.

Páll var tengiliður á milli hinna þriggja. Hann hóf störf með Gunnlaugi að loknu gagnfræðanámi og búfræðiprófi á Hólum á tuttugasta og öðru aldursári vorið 1941.

Hann var aðstoðarmaður Gunnlaugs til ársins 1943 er hann fór til Bandaríkjanna til háskólanáms. Þar starfaði hann fyrst hjá landgræðslustofnun Bandaríkjanna árin 1943—1944. Þá var hann tvö ár við nám í búnaðarháskóla í Minnesota en lauk framhaldsnámi sínu með kandídatsprófi frá Búnaðarháskólanum í Utah árið 1948 með landgræðslu og meðferð beitilanda sem aðalsvið (Bachelor of Science in Range Management



Páll Sveinsson var landgræðslustjóri 1954—1972.

Í Utah í Bandaríkjunum um 1947. Páll Sveinsson varð fyrstur Íslendinga til að ljúka háskólanámi í beitarfræðum og landgræðslu.

frá Utah State Agricultural College). Hann mun fyrstur Íslendinga hafa lokið háskólanámi sem beinlínis lýtur að því sem einnig má nefna landnýtingu og beitarstjórn.

Eftir heimkomuna tók hann strax til starfa með Runólfi og saman hófu þeir *sóknina*. Þeir urðu frumkvöðlar margra nýjunga í uppgræðslu og landbúnaði. Þeir hófu ræktun svartra sanda með

sáningu og áburðargjöf og sýndu að á augabragði mátti breyta þeim í iðgræna töðuvelli. Þeir undirbjuggu það að taka flugvélar í þjónustu landgræðslunnar. Í Gunnarsholti tengdu þeir saman búskap og landgræðslu með því að hleypa upp stofni holdanauta sem gengu á nýgræðsluna og nýttu fóður túnanna.

Frá þessu og mörgu öðru mun nánar skýrt á öðrum stöðum í þessu riti. Þegar Páll féll frá höfðu þeir Sveinn Runólfsson núverandi landgræðslustjóri og Stefán H. Sigfússon fulltrúi báðir hafið störf með honum. Sveinn hafði starfað í Gunnarsholti samfara námi allt frá 1963 og Stefán sem fulltrúi landgræðslustjóra frá 1971.

Þetta örstutta yfirlit sýnir tengsl mannanna sem fremstir hafa farið í baráttusögu Landgræðslu ríkisins í áttatíu ár. „Merkið stendur þó að maðurinn falli".

Vorið 1972 bjarmaði af nýjum degi í málum tengdum Landgræðslu ríkisins. Þá var hafinn undirbúningur að landgræðsluáætluninni, sem síðar varð „gjöf" þjóðarinnar til landsins með hátíðarsamþykkt Alþingis á Þingvöllum 28. júlí 1974 þegar minnst var 11 alda byggðar norrænna manna í landinu. Páll kom á fund nefndarinnar sem undirbjó málið. Gott samstarf tókst við Landgræðsluna og nefndarmönnum voru minnisstæð hvatningarorð hans. Þá var vitað um fyrirheit Flugfélags Íslands um að gefa til landgræðslustarfa eina af Douglas DC-3 vélum félagins ef takast mætti að breyta henni í áburðarflugvél og þá voru „stóru beitartilraunirnar" sem gerðar voru með stuðningi landgræðsluáætlunarinnar að komast á undirbúningsstig. Í öllu þessu hrærðist Páll og var eins og jafnan allra manna ódeigastur og hvatti óspart til stórra átaka.

Páll Sveinsson féll frá sviplega fyrir aldur fram hinn 14. júlí 1972. Það var mikið áfall fyrir alla sem til þekktu og málunum tengdust þegar fregnin af láti hans barst svo óvænt. Hann var þá á fimmtugasta og þriðja aldursári, svo sannarlega í fullu fjöri og með starfsþrótt og reynslu sem hefði verið ómetanlegt að nýttist í hinni nýju sókn.

Páll Sveinsson var fæddur hinn 28. október 1919 að Ásum í Skaftártungu. Hann var hið þrettánda af fimmtán börnum hjónanna Sveins Sveinssonar frá Ásum og Jóhönnu Margrétar Sigurðardóttur frá Breiðabólstað á Síðu.

Sveinn hóf búskap á Eyvindarhólum í Mýrdal 1904—1908, og fór að Ásum 1908 og bjó þar til 1923 er hann flutti að Fossi í Mýrdal. Þar bjó hann síðan til 1942 en hafði um skeið jafnframt búskap í Ásum og var annálaður dugnaður hans við búskap og áhugi á hvers konar framfaramálum. Þeir bræður Runólfur og Páll áttu því ekki langt að sækja áræði og dugnað.

Þegar Páll kom heim frá Bandaríkjunum hafði hann með sér safn grastegunda til að reyna við uppgræðslu. Þessar tegundir voru reyndar í Gunnarsholti og þar hafnar rannsóknir á þeim og mismunandi stofnum af melgresi í samvinnu við Búnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans. Síðan hefur stöðugt verið unnið að ýmsum rannsóknum tengdum landgræðslu í Gunnarsholti og Landgræðslan hefur stutt þær á marga vegu. Páll tók mikinn þátt í hinni umfangsmiklu kornrækt sem reynd var í Gunnarsholti og víðar á Rangársöndum upp úr 1960 og studdi af áhuga að því að þar var hafinn myndarlegur rekstur grasköglaverksmiðju á vegum Fóður- og fræframleiðslunnar.

Búskapurinn jókst hröðum skrefum í Gunnarsholti á fyrstu árum Páls jafnhliða aukinni ræktun sandanna. Það var unun Páls að koma upp stóru fjárbúi,

samhliða holdanautaræktinni, og að beita hjörðum sínum á nýgræðurnar fyrir ofan Brekknaheiðina. Þar var flugvélin látin græða upp vikurgárana, nýjar skákir ár frá ári og fénu beitt á þær jafnóðum og þær grænkuðu. Með þessu vildi Páll sýna hvernig búskapur og landgræðsla gætu hæglega farið saman ef rétt væri á haldið. Þegar flest var voru um 1500 fjár á fóðrum í Gunnarsholti og þótti sá búskapur á margan hátt til fyrirmyndar enda varð féð vænt og Páli umhugað um ræktun þess sem annarra gripa. Er landbúnaðarráðherra mælti svo fyrir að fjárbúskapurinn væri lagður niður vegna þrenginga á markaði keypti Páll allmikinn stofn af hrossum og hóf ræktun þeirra til að nýta grasið. Honum var jafnframt ljóst að við aðrar aðstæður, þar sem barist var við rof og beinan uppblástur, þurfti að friða landið og fylgdi þeirri stefnu án undanbragða. Hann var víða frumkvöðull að stórfelldri ræktun sanda til heyöflunar og beitar og studdi Landgræðslan þær framkvæmdir að nokkru.

Að frumkvæði Páls Sveinssonar tóku mörg sveitarfélög eða upprekstrarfélög að bera á afrétti, einkum með hálendisbrúninni þar sem landið var lítið gróið, og nutu þau til þess stuðnings Landgræðslunnar sem dreifði áburðinum með flugvélum sínum. Með þessu samstarfi hefur síðan verið unnið að stórfelldum hagabótum sem hefur létt verulega á ýmsum viðkvæmum hálendissvæðum.

Þessi afstaða Páls og annarra landgræðslumanna, fyrr og síðar, til búskapar og bænda hefur greitt mjög fyrir gagnkvæmum skilningi og góðum samskiptum sem örugglega hefur verið landgræðslustarfinu til góðs.

Það er athyglisvert að Landgræðsla ríkisins hefur ein af viðlíkum stofnunum sem þjóna öllu landinu aðalaðsetur sitt utan Reykjavíkur. Að því lutu gild rök. Sandgræðslan keypti jörðina Gunnarsholt ásamt Brekknalandi árið 1926, og síðan fleiri aðliggjandi jarðir. Þá var þar allt að fara í eyði og undir sand sem stöðugt sótti fram ofan frá Heklurótum og skefldi yfir gróðurlendið.

Páll minntist oft sögunnar sem sögð var af síðasta bóndanum í Gunnarsholti sem undir lokin fékk aðeins heyskap í hálfan kýrmeis. Þessa „þjóðsögu" og ýmsar fleiri notaði hann gjarnan þegar gestir komu í Gunnarsholt og hann sýndi þeim stoltur grænar lendur sem hvergi sá út yfir. Hann gat undir lokin nefnt það til samanburðar að heyskapur í Gunnarsholti teldist nú í þúsundum hestburða, 18—20 þúsund hestburðir voru oft heyjaðir í hans tíð. En þó að strax væri hafist handa um endurreisn Gunnarsholts eftir kaupin 1926 og þar vel búið næstu tvo áratugina meðan jörðin var leigð er það fyrst þegar Runólfur kemur til starfa að stóru ævintýrin fara að gerast. Það má fullyrða að dugnaður þeirra bræðra við búskap sem annað og metnaður fyrir staðinn varð til þess að Landgræðslan fékk í Gunnarsholti svo fast hefðarból að engum finnst að hún eigi annars staðar að vera. Þeirri reisn sem þeir komu á staðinn hefur síðan verið haldið við með enn myndarlegri byggingum og umgjörð allri.

Það hefur örugglega haft meiri þýðingu fyrir landgræðslustarfið en margan grunar að í Gunnarsholti var hægt að sýna allt í senn, árangurinn af vörn og síðar sókn gegn ógnandi eyðingaröflunum, stórfellda ræktun þar sem áður voru auðir sandar og blómlegan búskap.

Það hefur löngum verið fastur liður í kynnisferðum innlendra sem erlendra, hvenær sem því hefur verið komið við, að heimsækja Gunnarsholt. Þar var ætíð



TF—KAJ í Gunnarsholti 1958. Í tíð Páls Sveinssonar hófst áburðarflug hér á landi.

margt að sjá og mörgum nýjungum hægt að kynnast.

Íslenskir forsvarsmenn landbúnaðar hafa löngum með nokkru stolti sýnt erlendum gistivinum sínum Gunnarsholt og hvað þar var að gerast. Þetta kemur glöggt fram í eftirfarandi kafla sem tekinn er úr minningargrein er dr. Halldór Pálsson búnaðarmálastjóri reit að Páli látnum.

> Máltækið segir: „Glöggt er gests augað". Þess varð ég oft var, er ég kom með erlenda búvísindamenn að Gunnarsholti. Sumarið 1960 var dr. C.P. McMeekan frá Nýja-Sjálandi, einn af stórbrotnustu landbúnaðarfrömuðum heimsins, gestur Búnaðarfélags Íslands hér á landi. Ég, ásamt nokkrum öðrum starfsmönnum landbúnaðarins, fórum með honum að Gunnarsholti. Ég gleymi aldrei hrifningu þessa víðförla búvísindamanns, er hann sá hina stóru hjörð í Gunnarsholti úða í sig grængresinu, sem óx upp úr uppblásnum hraunum og svörtum sandi. Fjöldi ánna var með tvílembingum, féð rígvænt og sællegir nautgripir á víð og dreif um hagana, en heima við slegin tún og hálfvaxnir grænfóðurakrar, sem ætlaðir voru til haustbeitar fyrir sláturfénað og til votheysgerðar. McMeekan taldi þetta glæsilegt afrek og eitt táknrænasta dæmi um mikilvægi samvirkra áhrifa jarðargróðurs og búfjárbeitar, sem hann hafði séð. Hann dáðist að því, hvernig búféð þétti hinn gljúpa jarðveg með klaufum sínum og breytti grösum í lífrænan áburð jarðvegi og gróðri til góðs. Ég minnist einnig skozks búnaðarráðunautar, sem var hér á landi að kynna sér fjárhús og fjárhirðingu. Hafði hann víða séð vönduð hús og vel fóðrað fé, er hann kom að Gunnarsholti, en þar var hann hrifnastur af hinni stóru og vel öldu hjörð og ódýru fjárhúsunum.
>
> Heimsóknir í Gunnarsholt höfðu ekki síður áhrif á innlenda gesti. Yngri sem eldri, trúlitlir sem traustir áhugamenn

um gróðurvernd og hvers konar ræktun, efldust af áhuga fyrir málefninu við það að sjá og heyra verkin tala.

Páll var mikill málafylgjumaður. Honum lét best að tala fyrir hugsjónum sínum og áhugamálum og beitti því meira en að skrifa langar skýrslur eða greinar. Hann var málsnjall og flutti ræður sínar sterkum rómi og af heitum sannfæringarkrafti.

Þá var hann í essinu sínu er hann gat sýnt gestum og gangandi árangur starfanna á staðnum. Þá fléttaði hann saman lýsingu á lögmálum gróðurs og eyðingarafla við sögu lands og þjóðar og skýrði hvernig hægt væri að beita tækni og hugviti til að snúa vörn í sókn.

Sagt er að umhverfið skapi fólkinu sameinkenni, heilar þjóðir dragi dám af löndum sínum og íbúar einstakra héraða beri sérkenni sem rekja megi til náttúrufars þeirra. Mörgum finnst að Skaftfellingar beri slík sérkenni. Þeir búa við mikla og sérstæða náttúrufegurð og í nábýli við stórfenglegri náttúruöfl en aðrir íbúar landsins. Þeir hafa kynnst oftar og nánar hamförum eldgosa og jökulhlaupa — orðið að glíma lengur en aðrir landsmenn við óbrúaðar jökulár og brimgarða við hafnlausa strönd. Af þessu þykjast menn merkja sérkenni þeirra. Skaftfellingar eru þekktir fyrir áræði, útsjónarsemi og þrautseigju, þykja óvílsamir og treysta á eigin úrræði, enda margir þekktir fyrir hagleik og hugvitssemi.

Páll Sveinsson var Skaftfellingur að allri ætt og uppruna og bar í mörgu svipmót síns mikilfenglega héraðs. Hvað sem er orsök og hvað afleiðing í þessu efni þá var hann dæmið sem gjarna mátti taka til að styðja við kenninguna.

Páll kvæntist ekki. Hann eignaðist son með Margréti Guðmundsdóttur, Jóhann, sem fæddur er 5. mars 1949 og er bóndi á Smiðjuhóli í Mýrasýslu. Árið 1967 reisti Páll embættisbústað í Gunnarsholti og bjó þar með sambýliskonu sinni Guðmundu Davíðsdóttur, Ólafssonar bakara í Reykjavík. Með henni eignaðist hann tvo syni, Davíð, sem fæddur er 26. febrúar 1963, og Pál Sveinbjörn sem er fæddur 1. janúar 1971. Þeir hafa báðir unnið mikið í Gunnarsholti samfara námi.

Ættingjar, samstarfsmenn og vinir Páls reistu honum minnismerki í Gunnarsholti 1973. Sú mynd stendur í trjáskrúðgarðinum í Gunnarsholti ásamt myndum af fyrirrennurum hans, Gunnlaugi og Runólfi. Grunninn að þeim garði lögðu þeir Runólfur og Páll. Hann er mikil staðarprýði. Í Gunnarsholti eru nú skjólbelti ræktuð í stórum stíl. Það verk hóf Páll um 1960 og áður hafði Gunnlaugur sáð til skógarlunda. Þessu hefur ekki verið haldið svo mjög á lofti en það sýnir að húsbændur í Gunnarsholti hafa ekki gleymt hinum meginþættinum í því að klæða landið.